

Ársfundur Retrieverdeildar HRFÍ

26.2.2026. kl 19:30 í sal HRFÍ



1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Guðni Björgvin Guðnason býður sig fram sem fundarstjóra og er samþykktur sem fundarstjóri. Gísli Már Árnason býður sig fram sem fundarritara og er samþykktur sem fundarritari. Fundarstjóri fer yfir dagskrá fundarins með gestum og gengur úr skugga um lögmæti fundarins.

2. Yfirferð yfir starfið á árinu og ársskýrsla kynnt.

Guðni formaður tekur orðið og fer yfir ársskýrslu með fundargestum. Fundargestir hafa afrit af fundargerð en formaður hefur tekið saman punkta sem verður farið yfir með fundargestum. Formaður þakkar styrktaraðilum og velunnurum sem hafa styrkt starfið ásamt öllum þeim sem hafa komið að starfinu á einn eða annan hátt. Formaður fer yfir ársskýrslu með fundargestum.

3. Yfirferð á rekstrarreikning.

Sólrún gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningi og fer yfir hann lið fyrir lið með fundargestum og leggur hann til samþykktar. Fundargestir eru ánægð með reikninginn og fær gjaldkeri og stjórn hrós fyrir flott starf. Ársreikningur er samþykktur einhljóða af fundargestum.

4. Ýmis mál af stjórnborðinu.

Formaður fer yfir nokkra punkta sem hafa verið teknir saman af því sem stjórn hefur rætt á stjórnarfundum síðastliðið ár.

Tillaga frá formanni borinn upp að hafa skoðunarmann reikninga og óskað er eftir framboði til skoðunarmanns reikninga. Þórhallur Atlason býður sig fram aftur og þökkum við honum fyrir.

Hugmynd borin upp að hafa póstlista en vegna persónuverndarsjónarmiða þá þurfa félagsmenn að skrá sig á póstlista deildarinnar þar sem upplýsingar um viðburði eru kynntir frekar.

Stjórn hefur óskað eftir að fá fjarfundarbúnað í sal HRFÍ svo hægt sé að miðla fundum og fræðsluvöldum til félaga utan af landi.

Guðni fer yfir kostnaðarliði á viðburðum deildarinnar þar sem tekinn er kostnaður sem HRFÍ tekur til sín. Kostnaður við viðburði hefur hækkað, þá einna helst flug og gisting fyrir erlenda dómara.

Stjórn Retrieverdeildar hefur ítrekað við aðalstjórn HRFÍ að skráningar á veiðiprófum fari fram í gegnum hundavef og sú bið taki enda. Aðalstjórn HRFÍ óskaði eftir aðkomu Retriever deildar í haust á þýðingu og yfirfærslu á Dönsku reglunum yfir í hundavef og hafa tveir reynslu miklir menn boðið fram krafta sína í það verkefni en það verkefni virðist enn vera óhreyft. Stjórn Retriever deildar hefur ítrekað kröfu okkar um að sú vinna fari fram.

Umræða um kostnað á heimasíðu sem er rúmlega 200.000kr á ári og er alltof hár. Það þarf að taka í gegn heimasíðuna og fara yfir hana og uppfæra.

Styrktaraðilar, samningur við styrktaraðila rennur út á árinu 2026 og þarf að fara að huga að finna nýja styrktaraðila. Petmark hefur styrkt okkur rausnarlega í gegnum árin en allar hugmyndir eru vel þegnar.

Heiðar kemur með innlegg um að HRFÍ ætti að vera með undirsíður fyrir deildir þar sem umfang og kostnaður deilda að halda utan um heimasíður er mjög mikill. Guðni Björgvin kemur með punkt um að því fylgi ákveðið frelsi að hafa aðgang að sinni eigin síðu svo deildir séu ekki háðar öðrum eða annarskonar heimasíðu tengt öðrum en okkur sjálfum.

Guðni formaður fer yfir hugmyndir með heimasíðuna. Síðan er í raun tvær síður, fréttaveitan og svo gagnagrunnurinn. Síðan er orðin úrelt og þarf að taka hana í gegn og lækka rekstrarkostnað á henni. Þrjár hugmyndir eru kynntar hér að neðan.

1. Er að gera ekki neitt.
 2. Kaupa utanaðkomandi vinnu við að smíða nýtt kerfi og gagnagrunn með tilheyrandi kostnaði.
 3. Einhver innan deildarinnar sem smíðar nýtt kerfi og lækkar kostnað.
 4. Setja enda dagsetningu á gagnagrunninn og leyfa hundavef að taka við.
- A. að vera með les aðgang að gamla gagnagrunninum.
B. Það krefst þess að HRFÍ klári hundavef og komi veðiþrófum í hundavef.

Fundargestir kjósa tillögu 4 og bókuð er ályktun að HRFÍ klári sína vinnu við hundavef og komi veðiþrófum þar inn.

Veiðinefnd bar upp samþykkt frá veiðinefnd að fella niður besta hund í flokki á veiðiþrófum. Þá þarf að breyta reglum um árstitla þar sem þarf að hljóta þrjár 1.einkunnir ásamt því að vera valinn 1x besti hundur í flokki til að geta hlotnast nafnbótin BFLW, OFLW eða FTW og þarf því að vera breytt. Undantekningar þarf að gera þar sem nokkrar viðurkenningar krefjast þess að viðkomandi þarf að vera valinn besti hundur í flokki, eins og t.d. Kolkuós bikarinn og Ljósavíkur bikarinn og þarf að veita undantekningar þegar þeir eru veittir. Fyrirkomulagið er sett í hendur stjórnar hvernig úr þessu er leyst varðandi viðurkenningar og titla.

5. Kosið til nefnda og stjórnar, 3 sæti laus til tveggja ára í stjórn.

Framboð í sýningarnefndar, Íris.

Heilbrigðisnefnd sendi stjórn skýrslu skömmu fyrir fundinn sem verður byrt samhliða fundargerð, ársskýrslu og ársreikningi. Einnig kom fram að báðir aðilar í henni sögðu sig úr heilbrigðisnefnd og þökkum við þeim fyrir frábær störf. Sólrún Dröfn býður sig fram í Heilbrigðisnefnd og tekur boltann áfram.

Þess má geta að áhugasamir geta alltaf boðið fram krafta sína í allar þær nefndir sem starfa undir deildinni og halda úti okkar öfluga starfi.

Laus eru 3 sæti í stjórn.

Sólrún Dröfn Helgadóttir og Dagný Hinriksdóttir bjóða sig báðar áfram til áframhaldandi setu í stjórn en einnig býður Benedikt Bjarnason sig fram. Enginn önnur framboð koma fram og eru þau því sjálfkjörin.

Stjórn Retrieverdeildar HRFÍ er þá skipuð sem hér segir.

Guðni Þór Björgvinsson
Gísli Már Árnason
Sólrún Dröfn Helgadóttir
Dagný Hinriksdóttir
Benedikt Bjarnason

6. Önnur mál

Tillaga borin upp að allir hvolpar sem skráðir eru í deildina eru DNA prófaðir með skráningu í gegnum hundavef. Fara þá allar skráningar sjálfkrafa þar inn. Hvort sem er DNA próf eða myndatökur og veitir þá betri heildstæða sýn á heilsufar. Stjórn tekur málið áfram til aðalstjórnar.

Tillaga kemur að halda nýliða dag. Halda viðburðinn jafnvel upp í Sólheimakoti þar sem lögð er áhersla á almenna vinnu með hundunum sínum, óháð sýningum eða veiðiprófum. Þar verður lögð áhersla á vinnu með hundum t.d. hlýðni, spor og almenna þjálfun. Stjórn tekur þessa frábæru tillögu áfram.

Innlegg varðandi Instagram reikning deildarinnar. Að vera duglegri að markaðssetja deildina með þessum miðli með fjölbreyttu efni.

Hefðbundin dagskrá er slitið klukkan 21:10

7. Heiðrun stigahæstu hunda 2025

Sjá stigahæstu hunda í skýrslu stjórnar.

Bókun.

Að HRFÍ klári sína vinnu við að koma veiðiprófum inn í hundavef svo að skráningar og dómarablöð verði fyllt út þar inni eins og staðið hefur verið til í 6 ár.